

Skipulagsyfirvöld Kópavogi

Varðar: Skipulag á Vatnsendahæð og niðurrif byggingar.

Vísað er til samkomulags dags. 29. júní sl. milli Ríkissjóðs Íslands og Kópavogsbæjar um skipulag, uppbyggingu og kaup Kópavogsbæjar á landi ríkisins á Vatnsendahæð. Skv. samningum er Öryggisfjarskiptum ehf. falið að annast niðurrif eldri fjarskiptamannvirkja og uppbyggingu nýrrar og hóflegar fjarskiptaaðstöðu ásamt hreinsun á gamla útvarpshúsinu. Þá er jafnframt vísað til viðræðna við viðbæjaryfirvöld í Kópavogi undangengna mánuði um nánari útfærslu þessa.

Í samkomulaginu er tiltekið að ríkissjóður muni halda eftir byggingu gömlu útvarpsstöðvarinnar sem Minjastofnun hafi talið æskilegt að varðveita m.a. þar sem hún væri talin höfundarverk Guðjóns Samúelssonar. Þessi sjónarmið eru endurspegluð í nýsamþykktu aðalskipulagi Kópavogsbæjar.

Öryggisfjarskipti hafa í framhaldi af þessu gert ítarlega úttekt á tilurð hússins og ástandi m.a. með tilstyrk verkfræðistofunnar Ferill og arkitektastofunnar Arkþings. Könnunin leiddi í ljós að byggingin er að öllum líkindum gerð skv. teikningu danskra arkitekta, en hliðstæðar byggingar finnast í Danmörku. Þá hefur komið í ljós að heita má að húsið sé ónýtt svo afar kostnaðarsamt yrði að endurbyggja það frá grunni. Húsið er einangrað með korki og undirlagt af myglu og uppbygging þess slík að erfitt yrði að tryggja viðunandi aðgengi án stórfelldrar röskunar. Fyrir liggur að enginn aðili er reiðubúinn til að leggja til þá fjármuni sem þyrftu til endurbyggingar hússins og þá m.a. í ljósi þess að ekki þykir lengur líklegt að um sé að ræða minnisvarða um íslenskan arkitektúr, eins og áður var talið.

Við höfum átt náð samráð við Minjastofnun og Arkþing, sem vinnur að skipulagi svæðisins fyrir Kópavogsbæ og sú hugmynd hefur fæðst að setja upp minningarmark um upphaf útvarps- og sjónvarpssendinga á Íslandi frá Vatnsendahæð. Miðað er við að fjarlægja úr húsinu lausamuni og innréttingar og koma fyrir í geymslu og rífa húsið að því búnu. Við húsið vestanvert stendur 40 metra hátt mastur, sem stæði áfram til minningar um samfellda útvarps- og fjarskiptabjónustu á staðnum allt frá árinu 1930. Við mastrið yrði byggt lítið fjarskiptahús fyrir þau fjarskipti sem þörf væri á fyrir nærsvæði Vatnsendahæðar. Þá yrði komið fyrir smekklegu upplýsingaskilti eða skiltum þar sem saga starfseminnar væri rakin, jafnframt því sem þau veittu skjól og væru hluti af útivistarsvæði þar sem mögulega yrði jafnframt reistur útsýnispallur ásamt leiktækjum fyrir börn. Svæðið þar sem húsið stendur nú gæti þannig orðið áhugaverður áfangastaður íbúa nærsvæðis og annarra íbúa höfuðborgarsvæðisins. Þá yrði það jafnframt ávinningur, að taka mætti niður nýlegt smáhýsi fyrir fjarskiptabjónustu og mastur sem Öryggisfjarskipti hafa komið fyrir á svæðinu í samræmi við heimild í tilvitnuðum samningi ríkisins og Kópavogsbæjar. Að mati þeirra sem vinna að skipulagi svæðisins myndi það auðvelda þá vinnu og greiða fyrir haganlegum lausnum við nýtingu landsins.

Í viðræðum við skipulagsyfirvöld Kópavogsbæjar hefur verið óskað eftir því, að húseigandi legði fram þær teikningar af gamla útvarpshúsinu sem hann hefur undir höndum, og fylgja þær hér sem viðhengi. Skjal 1 sýnir afstöðumynd sem Arkþing vann fyrir eiganda ásamt skjali 2 sem sýnir ásýndir hússins. Þá fylgja með sem skjal 3 eldri teikningar sem komið hafa í leitirnar. Loks er hér *vísað á myndir sem teknar voru síðla sumars og í haust af húsnæðinu, bæði að innan og utan, á eftirfarandi slóð:*
<https://www.dropbox.com/s/psg3rvq1rg78d2m/VatnsendiMyndir.zip?dl=0>.

Því hefur verið hreyft að það myndi greiða fyrir samþykki Kópavogsbæjar við niðurrifi gömlu útvarpsstöðvarinnar ef fyrir lægi samþykki Minjastofnunar. Á því er sá hængur að það mun ekki vera á valdsviði stofnunarinnar að gefa út slík leyfi; hennar er að ráðleggja stjórnvöldum um mögulega friðlýsingu mannvirkja, sem ekki hefur verið gert í þessu tilviki. Forsvarsmenn Minjastofnunar eru Öryggisfjarskiptum til ráðuneytis um gerð minningarmarks um útvarpsstöðina, sem og Sigurður Hallgrímsson arkitekt hjá Arkþing. Þá verður leitað eftir sjónarmiðum RÚV um verkefnið sem og Kópavogsbæjar og á þann veg tryggt að um þessa framkvæmd ríki víðtæk sátt og að hún verði öllum þeim til sóma sem að vinna og íbúunum áhugavert athvarf og áfangastaður. Þess er því eindregið farið á leit að Kópavogsbær veiti fyrir sitt leiti leyfi til niðurrifs umræddrar byggingar.

Virðingarfyllt,

F.h. Öryggisfjarskipta ehf.

Þórhallur Ólafsson, frkvstj.